

Tækniröfur hjúkrunarheimila

Markmið með þessum kröfulista er að hafa yfirlit yfir þau kerfi sem telja megi til tæknikerfa hjúkrunarheimila. Þessi listi er lifandi skjal sem uppfærður skal eftir því sem tæknin þróast og kröfur til hjúkrunarheimila breytast ásamt því að nýta reynslu og óskir rekstaraðila.

Við hönnun tæknikerfa skal hafa til hliðsjónar kröfulistann, en hann gefur góða mynd af þeim grunnkröfum sem hafa skal í huga við hönnun tæknikerfa hjúkrunarheimila. Auk þess skal nota hann til hliðsjónar þegar um stækkun eldri hjúkrunarheimila er að ræða og mögulegar uppfærslur kerfa koma til álitá.

Meta þarf hverju sinni hve langt er gengið með tæknikerfin fyrir minni hjúkrunarheimili. Til dæmis er ekki þörf á hússtjórnarkerfi á hjúkrunarheimilum undir 20 rýmum, en skynsamlegt er að skoða skýjalausn fyrir hjúkrunarheimili sem eru með fleiri en 30 rýmum og upp að 60 rýmum. Húsnæði með fleiri en 60 rými og jafnvel möguleika á frekari stækkun ættu að hafa fullbúið hússtjórnarkerfi. Sé ekki húsvarsla í byggingunni þá skal notast við skýjalausn.

Hússtjórnarkerfi	<p>Kerfi sem fylgist með og stjórnar loftræsingum og lagnakerfum byggingarinnar.</p> <p>Kerfi sem falla þarna undir eru: Loftræsikerfi, snjóbræðslu, gólfhita, kælikerfi, neysluvatn, hitakerfi og brunalokukerfi.</p> <p>Hvert af þessum kerfum skal hafa eigin stýringu sem tengist hússtjórnarkerfinu með mod bus eða sambærilegum samskiptahætti.</p> <p>Kerfið á að gefa skýra mynd af stöðu kerfa hverju sinni og birta og senda út aðvaranir um frávík og bilanir. Kerfið skal vera af nýjustu gerð á hverjum tíma.</p> <p>Kröfur til slíkra kerfa skulu fara eftir fjölda hjúkrunarrýma byggingarinnar.</p> <p>Fyrir nýbyggingar</p> <p>A: Húsnæði undir 20 rýmum ekki þörf á kerfi</p> <p>B: Húsnæði með 20 - 60 rýmum. Einfaldari gerð með skýjalausn, lagnir (vatn, hiti, snjóbræðsla) og loftræsing. Þar sem góð yfirsýn fæst yfir áður talin grunn kerfi byggingarinnar.</p> <p>C: Húsnæði með 60+ rýmum skal hafa fullbúið hússtjórnarkerfi þar sem sérstaklega er hugað að skilvirkum rekstri tæknikerfa byggingarinnar.</p>
-------------------------	---

	<p>Undir fullbúið kerfi falla Lagnir (vatn, hiti, snjóbræðsla), loftræsing, lýsing, raforkumælingar, neyðarlýsing, öryggis og brunakerfi byggingar. Hér er gengið út frá mjög góðri yfirsýn yfir lykil rekstarkerfi byggingarinnar. D: Byggingar sem eru í B flokk en byggðar í áföngum og munu uppfylla C flokk síðar, ættu að hafa fullbúið hússtjórnarkerfi.</p> <p>Eldra húsnæði sem er stækkað. Sé ekki kerfi fyrir þá er ónauðsynlegt að setja upp í stækkun nema hún geti fallið undir C eða D flokk.</p> <p>Kerfin bæði skýlaus og fullbúið kerfi skulu bjóða uppá á veflausn þannig að hægt sé að nálgast upplýsingar frá kerfi í fjarvinnslu/vöktun og frá spjaldtölvum. Fullbúið kerfi skal hafa vinnustöð hússtjórnarkerfis staðsetta hjá húsumsjónaraðila.</p> <p>Framsetning kerfis skal vera í skjámyndaformi. Skjámyndakerfi hússtjórnarkerfisins skal byggt upp af grunnmyndum og kerfismyndum. Hægt skal vera að sjá staðsetningu alls búnaðar á grunnmyndum. Skjámyndakerfið skal búið öflugum viðvarana viðmóti (alarm generator) þar sem hægt er að greina aðvaranir og útbúa sms sendingar og tölvupóst (email) sendingar eftir þörfum.</p> <p>Upplýsingar í kerfinu: Hægt skal vera að sjá upplýsingar frá hliðrænum merkjum á línuritum.</p>
Hitastýring	<p>Yfirborðshiti og varnir gegn brunaslysum við ofna og lagnir skal vera í samræmi við kafla 12.5 í byggingarreglugerð.</p> <p>Hitastýring ofna skal vera þannig frágengin að ekki aðrir en starfsmenn geti breytt óskgildi.</p> <p>Skilgreina skal gólfhita á ákveðnum stöðum eins og við innganga til að draga úr möguleikum á hálkuslysum. Sér slaufur skal hafa út við gólfsíða glugga sem hægt er að keyra á hærra hitastigi en almenna hluta rýmis. Sé það vilji arkitekta að hafa setbekki út við glugga skulu settir ofnar undir þá í stað hitaslaufu við glugga.</p>
Snjóbræðsla	<p>Skilgreina skal svæði sem nauðsynlegt er að snjóbræða t.d. rampa, stiga, stæði fyrir fatlaða, innganga,</p>

	<p>flóttaleiðir, aðkoma viðbragðsaðila, sorphirðu og innigarða.</p> <p>Skilgreina afköst t.d. 200 W/m² (eða hærra ef öryggisatriði)</p>
Loftræsing	<p>Hönnun skal vera í flokki IEQ1 skv. ÍST EN 16798-1 - 2019 og ávallt skal hafa 10. Kafla byggingarreglugerðar til hliðsjónar.</p> <p>Aðgengi að opnanlegum fögum (t.d. rafdrifnir með fjarstýringu eða aðgengilegir á annan hátt) skal vera frá gólfi.</p> <p>Hljóð frá tæknibúnaði þarf að uppfylla hljóðkröfur samkvæmt EN 16798-1. ÍST 45:2011 (hljóðvist) Staðsetning loftinntaks og útkasts skal uppfylla CEN/TR 16798-4:2017 kafla 8.8.1 til 8.8.4.</p> <p>Athuga viðbótarkröfur skv. BREEAM/Svansvottun hverju sinni.</p> <p>Æskilegt er að hafa varma endurvinnslu/samstæðu á pípukerfi frekar en varmahjólum, en það er ein leið sem getur minnkað áhættuna á mengun milli útsogs og innkasts.</p> <p>Meta þarf kröfur um uppskiptingu kerfis m.t.t. bruna- og hljóðkrafna, auk smitvarna loftborinna veirusýkinga á milli heimiliseininga og sameiginlegra rýma.</p> <p>Það þarf að fara varlega í það að fjölga samstæðum með tilliti til rekstarsjónarmiða.</p> <p>Athuga þarf sérkröfur fyrir meðhöndlun útsogs t.d. fyrir líkgeymslur og súrefnisgeymslur, ef þær eru í heimilum.</p>
Kælikerfi t.d líkgeymsla (ef við á)	<p>Hægt þarf að vera að kæla viðkomandi rými niður í a.m.k. 4 gráður.</p> <p>Kælivél skal vera með vatnskældum eimsvala (condenser) á köldu vatni.</p> <p>Frávik skulu koma sem aðvörun í hússtjórnarkerfi hússins.</p> <p>Sé hússtjórnarkerfi ekki til staðar sé vöktun sett inn á innbrotakerfi hússins.</p>
Eldhús og lagnakerfi	<p>Hitastig á neysluvatni sé tryggt að verði ekki of heitt fyrir heimilisfólk en þarf þó að vera nothæft í eldhúsi samanber byggingarreglugerð (kafla 14).</p> <p>Varðandi gildandi staðla fyrir lagnir þá á eftirfarandi við:</p>

	<p>Frárennsliskerfi: ÍST 68:2013 Hitakerfi: ÍST 69:2016, ÍST 66:2016 Neysluvatnskerfi: ÍST 67:2013 Niðurföll í sturtum skal ekki staðsetja í miðjum sturtuklefa heldur við vegg ef möguleiki er. Koma skal fyrir vatnsmælikerfi á inntak hússins sem fylgist með vatnsnotkun hússins sem er hluti af BREAM kröfu og skráir notkun ásamt því að vakta óeðlilegt rennsli og gefur viðvörðun þar um öryggiskerfis byggingar/hússtjórnarkerfi.</p>
Vatnsúðunarkerfi (sprinkler)	<p>Hönnun skv. viðeigandi stöðlum. Herbergi / íbúðir heimilisfólks hönnuð skv. íbúða vatnsúðunar (sprinkler) stöðlum, en sameiginleg rými skv. ÍST EN 12845. Athuga þarf kröfur um varaafli ef kerfið er með dælu. Athuga þarf sérkröfur fyrir úðara t.d. fyrir kæligeymslu matvæla í eldhúsi vegna hitastigs ef við á. Vöktun á vatnsúðunarkerfi skal vera frá brunakerfi.</p>
Lýsing	<p>Það er markmið verkkaupa að aðeins verði settir upp lampar og búnaður í verkinu af bestu fáanlegum gæðum. Allir ljósgjafar í verkinu skulu vera LED og DALI. Mikið er lagt upp úr gæðum lampa og lampabúnaðar. Mikilvægt er að lamparnir valdi ekki truflunum á fjarskiptum og að ending, litarendurgjöf og litarhitastig séu skv. stöðlum. Allir dimmanlegir lampar skulu vera flöktfrýir og hægt að ljósdeyfa frá 100% niður í 1% birtumagn og skal ljósdeyfing vera flöktlaus. Allir lampar skulu vera glýjulausir. Líftími lampa skal vera 50.000h L70B10. Lýsingin skal vera hönnuð samkvæmt ÍST EN 12464-1:2021 og ÍST EN12464-2:2014 þar sem við á. Lýsingarkerfið skal veita sveigjanleika í gegnum húsið og stýrt þannig að engin óþarfa lýsing er kveikt án notkunar. Almennum svæðum skal stjórnað með klukku og með rofum sem starfsmönnum stendur til boða á starfsmannastöðvum á hverju svæði. Lýsing í herbergjum íbúa skal stjórnað á staðnum í herbergjunum með einföldum rofum og hægt að dimma. Salerni, geymslur, þvottahús og önnur rými með takmarkaða viðveru skulu stjórnast af hreyfiskynjurum á vegg eða í lofti. Lýsingarkerfið skal vera hannað til að veita mismunandi litarhitastig hvíts ljóss (e. tunable white) í hjúkrunarrýmum og almennum svæðum íbúa yfir sólahringinn. Með mikið magn af háu litarstigi af köldu ljósi á morgnanna, lækkað magn síðdegis og enn lægra litarhitastig á kvöldin. Næturlýsing skal hafa mjög lágt litarhitastig og lítið magn</p>

	<p>af ljósi. Huga þarf að aðlögun lýsingar eftir árstíma og sólarlagi. Á hjúkrunarrýmum skal vera hægt að yfirskrifa senur sem eru í gangi við almennt þrif eða neyðarástand. Í eldhúsi skal miða við 4000 kelvin vinnulýsingu með góðri litarendurgjöf >90.</p> <p>Tryggja skal góða útilýsingu við aðkomu byggingar og innganga. Útilýsing skal vera forrituð þannig að hún kvikni skv. klukku. Almennt skal öll útilýsing vera dimmuð niður yfir nóttina og vera breytileg eftir árstíma m.t.t. sólarlags. Lýsingarkerfi hússins skal vera tengt staðarneti hússins og hægt að tengjast og þjónusta kerfið með fjartengingu.</p> <p>Neyðarlýsing og flóttaleiðamerkingar skulu vera með led ljósgjafa.</p> <p>Í byggingu með fleiri en 50 neyðarljós skal vera miðstýrt rafhlöðu neyðarlýsingarkerfi.</p>
Orkumælingar	Athuga kröfur skv. Breeam/Svansvottun.
Rafbílahleðsla	<p>Gera skal ráð fyrir tengibúnaði og greiðum lagnaleiðum vegna hleðslu rafbíla á bílastæðum, þannig að hægt sé að bregðast við auknum fjölda rafbíla í framtíðinni. Miða skal við að hver hleðslustöð sé 22 Kílóvött með tveimur tenglum. Stöðin annar þá 2 x11 kw eða 1x22 kw.</p> <p>Kröfur til raflagna skulu vera samkvæmt IST200 Raflagnir bygginga.</p> <p>Ath að tryggja aðgengi að rafhleðslu við bílastæði sem merkt er fyrir fatlaða.</p> <p>Rekstur rafbílahleðslu er ekki á vegum hjúkrunarheimilis heldur falið þriðja aðila sem vinnur á slíkum markaði gegn gjaldtöku.</p>
Rafmagnskynding (ef við á)	Stofnstærð þarf að skoða sérstaklega með tilliti til heildarálags og rafbílanotkunar á þeim svæðum sem búa við rafmagnskyndingu.
Vararafstöð (ef við á)	<p>Þörf á vararafstöð ákvarðast af afhendingaröryggi rafmagns. Á það sérstaklega við á þeim stöðum sem rafmagn er ótryggt sökum veðurs.</p> <p>Stærð vélar ákvarðast af álagi/orkuþörf.</p> <p>Stærð eldsneytistanks miða við a.m.k. 24 klst. keyrslu. Skiptibúnaður skal vera sjálfvirkur.</p>

Rafhlöðubanki (ef við á) (UPS banki)	Í byggingar þar sem varavél er staðsett skal koma upp varaafli til 5-7 mínútna til að tryggja tölvukerfi og stjórnkerfi byggingar í rafmagnsútslætti þar til varavél er komin í full afköst. Á þetta helst við þar sem afhendingaröryggi rafmagns er ekki öruggt.
Súrefniskerfi (ef við á)	Sé sérstök hjúkrunardeild til staðar skal gera ráð fyrir möguleika á súrefniskerfi. Fyrir lagnakerfi súrefniskerfa skulu lagnir og búnaður vera hannað skv. ÍST EN ISO 7396-1:2016 og ISO 7396-1:2016.
Brunaviðvörðunarkerfi	<p>Kerfið skal vera samkvæmt byggingarreglugerð um brunakerfi.</p> <p>Kerfið skal vera númerað kerfi þar sem hver eining hefur sitt númer í kerfinu. Allur búnaður skal vera EN 54 vottaður.</p> <p>Reykskynjarar kerfis: Optískir reykskynjarar, hitaskynjarar, fjölskynjarar, stökkaskynjarar og mögulega reyksogsstöðvar þar sem lagnamál eru ómöguleg. Stökkaskynjarar skulu staðsettir aftan við mótora. Handboðar með hlíf skal nota þar sem við á t.d. á deild fyrir heilabilaða svo draga megi úr áhættu á boðum. Ljós og hljóðgjafar: Ljósgjafar skulu settir í skynjarasökkla þar sem við á. Hljóðgjafar kerfis skulu vera í sökkulsírenum og í stökum brunabjöllum.</p> <p>Brunakerfisstrengur skal vera rauður að lit samkvæmt reglugerð. Sverleiki strengja skal vera 2x1,5q til að afkasta því álagi sem lagt er á slaufur kerfis með aukabúnaði.</p> <p>Rýming byggingar skal vera möguleg með lykillæsingum á stjórnstöð brunakerfis og eða útstöð brunakerfis.</p> <p>Til að draga úr hættu á fölskum brunaboðum skal vera mögulegt að stýra næmni fjölskynjara frá stjórnstöð brunakerfis þannig að hægt sé að slökkva alveg á optíska hluta skynjarans t.d. hluta úr degi og þá virki eingöngu hitaskynjunin. Gerð er krafa um að hægt sé að stilla virkni frá því að vera slökkt á optíska hlutanum og síðan stigvaxandi næmni: lág næmni, miðlungs og full virkni. Fyrir framleiðslueldhús hjúkrunarheimila skal ávallt tvítryggja boð frá brunakerfi með staðfestum boðum frá tveimur skynjurum í sama rými.</p>

Brunalokukerfi	<p>Um er að ræða sérstakar stjórneiningar sem vakta stöðu, annast prófun og stýra brunalokum samkvæmt boðum frá brunakerfi byggingarinnar. Ekki skal stýra fleiri en tveimur lokum á hverjum útgang í stöð.</p> <p>Stjórnstöðina skal vera hægt að tengja við hússtjórnarkerfið með mod bus eða sambærilegum samskiptahætti. Sé ekki hússtjórnarkerfi til staðar skulu boð tengjast öryggiskerfi byggingar.</p> <p>Allar reyk-og brunalokur skulu vera 24V AC/DC, með innbyggðri stýringu og Bacnet eða sbr. samskiptabus. Brunalokur skulu vera með gormi, stöðuvísun og flokkast sem EI60 og EI90 (ve ho l<->o) S eftir því hvernig brunaskil í húsinu eru skilgreind.</p>
Slökkvikerfi í eldhúsháf	<p>Setja skal upp slökkvikerfi í eldhúsháf framleiðslueldhúsa samkvæmt byggingarreglugerð og leiðbeiningum HMS.</p> <p>Við afhleypingu kerfis skal rjúfa rafmagn af þeim eldunartækjum sem standa við háfinn eða hætta stafar af.</p> <p>Boð frá kerfinu skulu tengd með inn og útgangseiningu við brunakerfi hússins.</p>
Aðgangs- og innbrotakerfi	<p>Í byggingunni skal setja upp sambyggt aðgangs og innbrotakerfi (Grade 2 vottað).</p> <p>Staðsetning aðgangslesara er hugsuð þannig að ekki þurfi almennt að bera lykla við daglega umgengni um bygginguna.</p> <p>Á ytri skel byggingarinnar skulu lesararar búnir talnakóða að auki en aðrir lesarar skulu vera án talnakóða nema brýn nauðsyn krefji svo sem lyfjaskápar.</p> <p>Gera skal ráð fyrir lagnaleiðum og tengidósum svo auðveldlega megi koma upp aðgangsstýringu inná einkarými heimilismanna síðar.</p> <p>Dæmi um staðsetningu aðgangslesara án talnakóða eru: skrifstofur og fundarrými, lyftur, inná heimiliseiningar og sérstök rými t.d. geymslur, lyfjaherbergi, lyfjaskápar.</p> <p>Jaðarbúnaður:</p>

	<p>Hreyfiskynjarar öryggiskerfis skulu vera með tvöfalda skynjun skv. Grade 2 staðli.</p> <p>Hurðarnemar skulu vera innfelldir og a.m.k. 18 mm í þvermál.</p> <p>Vatnsnemar skulu hafa þveglahlíf svo draga megi úr falsboðum. Staðsetning þeirra skal vera á baðherbergjum og þvottarýmum.</p> <p>Aðgangs og innbrotakerfi skal tengt við myndeftirlitskerfi byggingar.</p> <p>Aðgangslesarar skulu vera forritanlegir fyrir mismunandi kortatækni og skal þar miða við Signo lesara eða sambærilega.</p> <p>Lesarar skulu vera með innbyggðri bluetooth og NFC tækni fyrir rafræna skilríkjanotkun. Lesarar þurfa að geta jafnað út lesdrægni þrátt fyrir breytilegt undirlag milli lesara, (járn, ál).</p> <p>Þeir skulu geta lesið að minnsta kosti SEOS kort ásamt HID Mobile skilríkjum. Lesarar skulu vera IP vatnspolnir. Lesarar skulu vera í opnu kerfi og ekki einskorðaðir við einn söluaðila hérlandis.</p> <p>Mögulegt skal vera að sérsníða hljóð og ljós í lesurum til að einfalda notendum með hljóð eða sjónskerðingar umgengni um húsnæðið.</p> <p>Aðgangskort skulu vera ákveðin af verkkaupa.</p> <p>Aðgangskort í gsm (mobile access) skal meta þörf á, eftir aðstæðum hverju sinni.</p> <p>Ef svalir eða verandir eru við herbergi heimilisfólks, þá skal vakta opnun hurðar og aðrar svalir á sérsvæðum kerfis. Sama á við um neyðarútganga og almennar svalir.</p> <p>Sé hússtjórnarkerfi ekki til staðar í byggingunni skal vakta tæknilegar aðvaranir frá kerfum sem ekki eru vöktuð sérstaklega á sérsvæðum innbrotakerfisins. Svæðin eru svokölluð 24/7 svæði og boð hringjast inn til vaktfyrirtækis hverju sinni.</p>
Myndeftirlit	<p>Kerfið skal vakta allar aðkomuleiðir byggingar (ytri skel og almennir innri inngangar t.d. inn á hjúkrunareiningar) og gefa yfirsýn á almenn svæði með ethernet tengdum myndavélum.</p> <p>Myndavélar innandyra skulu vera hálfkúlur (dome) með 4K upplausn og 25 ramma per sek.</p>

	<p>Myndavélar utandyra skulu vera vegg eða lofffestar (bullet) með fjögurra megapixla upplausn dagur/nótt virkni og 25 ramma per sek.</p> <p>Linsur myndavéla skulu vera með fjarstillanlegt sjónsvið og með sjálfvirkt ljósop.</p> <p>Upptökubúnaður nettengdur með 7-10 daga upptökumöguleika, tengdur aðgangs og innbrotakerfi hússins.</p> <p>Samtímanotendafjöldi a.m.k. 5 innifalið í grunnpakka, með möguleika á að fjölga.</p>
Sjúkrakallkerfi	<p>Við val á sjúkrakallkerfi er mikilvægt að ákveða það í samráði við rekstaraðila hjúkrunarheimilisins hverju sinni. Val er um hefðbundið vírað kerfi og síðan nýja kynslóð sem byggir uppá þráðlausum samskiptum.</p> <p>Sé valið að byggja upp kerfi af nýrri kynslóð þá skal miða við að herbergisstöðvar séu spennufæddar einingar með þráðlaus samskipti á wifi og með gsm varaleið. Þessar einingar eiga að vera með talsamband bæði frá vakt og sínum starfmannna.</p> <p>Togrofar á baðherbergjum skulu vera þráðlausir.</p> <p>Mögulegt skal vera að bæta við kerfið hreyfiskynjurum ásamt rakamottum í rúm.</p> <p>Móttaka boða í sérstaka gsm síma með android stýrikerfi.</p> <p>Móttakarar boða og netbeinir með varaafli 2 klst.</p> <p>Ferilvöktun skal vera hluti kerfisins sem ætlað er fyrir vöktun einstaklinga með heilabilun. Vöktun á innganga deilda og neyðarútganga.</p>
Hljóð- og myndkerfi (ef við á)	<p>Hljóðkerfi skal setja upp í fjölnotasal. Með því kerfi skal einnig setja upp hljóðslaufur fyrir heyrnarskerta.</p> <p>Í samkomurými er val um skjávarpa eða stóran led skjá/i miðað við stærð rýmis. Ef skjávarpi er notaður þá skal miða birtumagn hans við a.m.k. 7.000 lum. Tjald fyrir varpann skal vera rafdrifið og a.m.k. 2,7-3,5 m á breidd. Stýring á tjaldi skal vera frá stjórnskjá hljóðkerfis.</p> <p>Í setustofur skal komið fyrir 75-85" skjá með hljóðstöng (sound bar). Þar skal vera mögulegt að horfa á sjónvarp og einnig nálgast hljóð og myndefni frá fjölnotasal byggingarinnar.</p> <p>Hljóð og myndefni skal stýrt með matrixu. Fjöldi inn og útganga skal vera í samræmi við umfang kerfis. Stýring</p>

	<p>kerfis skal gerð með 7-8“ snertiskjá sem staðsettur yrði í samkomurými. Ef um uppskipt rými er að ræða sem möguleiki er að opna í eitt heildarrými, þá skal komið fyrir stjórnskjám í öll rýmin og mögulegt að stýra í hverju rými uppskiptu hljóð og myndkerfi.</p> <p>Hljóðstyrkur hátalara í fullrange skal miða við a.m.k. 100 dB.</p> <p>Einnig skal koma fyrir bassahátölurum til að tryggja hljóðgæði.</p> <p>Bluetooth móttakari og þráðlaus hljóðnemi í sal/sali.</p> <p>HDMI inngangur fyrir fartölvu vegna kynninga í sal.</p> <p>2 stk. XLR inngangar fyrir hljóðnema.</p> <p>1 par RCA inngangar fyrir hljóðspilun.</p> <p>Setja skal upp þráðlausan búnað fyrir fartölvur svo miðla megi bæði hljóð og myndefni (Airplay - Click share sem dæmi).</p>
Net og fjarskiptakerfi (Ljósleiðari, Tetra, netlagnir)	<p>CAT 6 lagnakerfi skal setja upp fyrir net og fjarskiptakerfi.</p> <p>Lágmarkskrafa tengla: einn per einkarými, tveir per vinnustöðvar, tveir í fundarherbergjum, tveir í setustofu og einn fyrir þráðlaus netkerfi.</p> <p>Möguleiki skal vera fyrir heimilisfólk að semja við söluaðila sem það velur vegna nettengingar og sjónvarpsáskriftar í herbergjum sínum.</p> <p>Ljósleiðarahringtenging skal vera milli netskápa.</p>
Lyfta	<p>Fólksflutningalyfta samkvæmt byggingarreglugerð.</p> <p>Flutningur á sjúkrarúmi skal vera mögulegur þar.</p> <p>Mögulega önnur lyfta fyrir þjónustu byggingarinnar vegna matarflutninga og sorphirðu. Þarf að meta hverju sinni eftir byggingarformi.</p> <p>Aðgangsstýra skal lyftum byggingar.</p> <p>Lyfta/lyftur skal búin handvirkum neyðarlækkunarbúnaði til lækkunar á lyftustól þó svo að rafmagn sé ekki fyrir hendi.</p> <p>Krafa um slökkviliðslyftu fylgir brunatæknilegri hönnun byggingar.</p>
Dyrasímakerfi	<p>Setja skal upp mynddyrasíma með víðu sjónarhorni í vindfang við aðalinngang og vörumóttöku.</p> <p>Útstöðvar með skjá skulu staðsettar í vaktrýmum og möguleiki skal vera á að svara einnig hringingum frá kerfi í farsíma starfsmanna á vakt hverju sinni.</p>

